



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2015
Tilvísun: 201502-0366

Efni: Umsögn Mannvirkjastofnunar um 512. mál

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd þar sem Mannvirkjastofnun er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Stofnunin þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið.

Mannvirkjastofnun fagnar framlagningu frumvarpsins og hvetur eindregið til að það verði samþykkt. Haft var samráð við stofnunina við undirbúning frumvarpsins og hefur stofnunin því ekki athugasemdir við efni þess eða einstakar greinar. Stofnunin vill undirstrika að æskilegt er að ný lög taki gildi fyrir vorið, en vorið og sumarið er sá tími ársins sem mest hætta er á gróðureldum.

Virðingarfyllst
f.h. Mannvirkjastofnunar


Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur